



Reykjavíkurborg

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 6. janúar 2020
R19060226

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Bjarni Brynjólfsson, upplýsingastjóri

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að upplýsingar um atkvæðaskiptingu fylgi fréttatilkynningum um afgreiðslur úr borgarráði og borgarstjórn

Á fundi borgarráðs þann 27. júní sl. lagði áheyrnarfulltrúi flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að upplýsingafulltrúi borgarinnar tiltaki í tilkynningu sinni til fjölmiðla hvaða flokkar standi að baki þeim málum sem samþykkt eru í borgarráði og borgarstjórn. Markmiðið er að upplýsa almenning um afstöðu einstakra flokka til málsins/málanna. Ávinningurinn af þessu gæti verið að stuðla að upplýstri stjórn málaumræðu í samfélaginu þar sem þá sést hvaða flokkar styðja mismunandi mál og varpar jafnframt ljósi á stefnu og afstöðu flokka í viðkomandi málum. Það hlýtur að vera gott fyrir lýðræðislega umræðu að vitað sé hverjir stóðu að baki einstaka málum.

Þann 28. júní 2019 var tillagan send upplýsingastjóra Reykjavíkurborgar til umsagnar. Borgarráð og borgarstjórn eru fjölskipuð stjórnvöld sem taka formlegar ákvarðanir í krafti meirihlutavalds hverju sinni. Ef meirihluti þeirra fulltrúa sem eiga atkvæðarétt hverju sinni samþykkir mál þá hefur það stjórnvald samþykkt málið án tillits til þess hvernig atkvæði féllu að öðru leyti. Upplýsingagjöf Reykjavíkurborgar snýr að jafnaði að ákvörðuninni sjálfri og efni hennar, en ekki að því hvernig atkvæði féllu hverju sinni. Skilmerkilega er gert grein fyrir atkvæðagreiðslum í opinberum fundargerðum ráða og nefnda sem eru aðgengilegar og auðfinnanlegar á vef borgarinnar.

Hverjum og einum borgarfulltrúa er þó að sjálfsögðu heimilt að senda frá sér sínar eigin tilkynningar með upplýsingum um afstöðu í hverju máli með öllum upplýsingum til að varpa ljósi á stefnu og afstöðu flokka í viðkomandi málum.

Bjarni Brynjólfsson
upplýsingastjóri

